

fjár í ársbyrjun hins vegar. Með eigin fé í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 og lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993. Viðurlögum við vanrækslu í skýrsluskilum skal beitt á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 36/1986, sbr. 3. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 470/1986, um Seðlabanka Íslands.

9. gr.

Innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir skulu halda jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda. Sé jákvæður eða neikvæður mismunur verðtryggðra eigna og skulda stofnunar meiri en sem nemur 30% af eigin fé hennar skal hlutaðeigandi stofnun tafarlaust gera ráðstafanir sem miða að því að færa hann inn fyrir tilskilin mörk. Ráðstafanirnar skulu kynntar Seðlabankanum skriflega.

V. Gildistaka o.fl.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995 og reglugerðar nr. 293/1999, öðlast gildi 1. janúar 2000, og falla þá jafnframt úr gildi reglur Seðlabankans um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. nr. 330 frá 6. júní 1995.

Reykjavík, 17. desember 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Seltjarnarness.****I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja rennismæla við hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við mælda rúmmetra vatns.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli kr.190,00
- b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra kr. 32,00

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánastofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð

0–300 m ³ (innifalið)	kr.	87.655,00
300–1000 m ³	kr./m ³	105,50
1000 m ³ og yfir	kr./m ³	70,10
1 rennislismælir á grind	kr.	23.241,00

6. gr.

Gjöld skv. 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en til húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1.100,00 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 503, 18. desember 1990 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.